



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

3. árg. 6. tölublað. Júní 2007.

EFNI:

Tengiliður Íslands við WHO **bls. 1**

Samningar um kaup bóluafnis gegn árlegri influensu **bls. 2**

Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir
Brynja Laxdal
Guðrún Sigmundsdóttir
Sigurlaug Hauksdóttir
Þórolfur Guðnason

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

ALÞJÓÐAHEILBRIGÐISREGLUGERÐIN: TENGILIÐUR ÍSLANDS VIÐ WHO

Í síðasta tölublaði Farsóttáfrétta var m.a. fjallað um útvíkkað gildissvið sóttvarnalaga. Samkvæmt þeim er gert ráð fyrir að flest mál, sem tengjast heilsufarsögnum og hafa þýðingu fyrir þjóðir heims, tengist smitsjúkdómum, en jafnframt taka þau til annarra heilsufarsögna, sem ekki eru af völdum smitsjúkdóma en geta hegðað sér með svipuðum hætti, svo sem ógnir af völdum eiturefna og geislavirkra efna.


Sóttvarnalög voru endurskoðuð til þess að þau samræmdust nýrri alþjóðaheilbrigðisreglugerð (*International Health Regulations*) sem tekur gildi 15. júní næstkomandi. Samkvæmt henni skulu öll aðildarríki Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) hafa tilnefnt og skilgreint tengilið ríkisins (*National Focal Point*) við tengilið WHO.

Í alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni er kveðið á um að tengiliður ríkis sé aðgengilegur alla tíma sólarhringsins allan ársins hring. Ætlast er til þess að gerðar séu nauðsynlegar lagabreytingar svo að tengiliðurinn geti rækt hlutverk sitt og að þess sé gætt að allir þeir aðilar innan ríkisins sem koma

að neyðarmálum hafi samvinnu við tengiliðinn. Til að uppfylla þessar kröfur voru gerðar breytingar á sóttvarnalögum í vor þar sem m.a. er kveðið á um að sóttvarnalæknir sé tengiliður Íslands við WHO. Hlutverk tengiliðs ríkis er að:



- Senda tilkynningar til tengiliðs WHO um atburði sem geta haft heilsufarslegar afleiðingar fyrir þjóðir heims samkvæmt sérstöku ákvarðanaferli.
- Skiptast á upplýsingum um óvæntar eða óvenjulegar heilsufarsógnir sem snerta ríki heims.
- Ráðfæra sig við WHO um atburðarrás innan lands, sjái hann ástæðu til.
- Veita WHO upplýsingar um atburði sem tilkynnt er um eftir öðrum leiðum en um tengilið ríkis, fari stofnunin fram á það.
- Sannreyna upplýsingar sem borist hafa WHO um atburði innan viðkomandi ríkis sem gætu haft alþjóðlega þýðingu.
- Taka við upplýsingum frá WHO sem ætlað er að berist stofnunum innan stjórnkerfis ríkis.



(Framhald bls. 2)

*Í alþjóðaheilbrigðis-
reglugerðinni
er kveðið á um
að tengiliður ríkis
sé aðgengilegur
alla tíma sólarhringsins
allan ársins bring.*

*Bóluefni gegn
inflúensu mun
frá næsta hausti
verða ábattubópum
að kostnaðarlausu
en selt öðrum á
kostnaðarverði.*


- Hafa samráð við aðalframkvæmdastjóra WHO við ákvörðun um að tilkynna um heilsufarsógn sem snertir ríki heims og einnig um að aflýsa hættuástandi.

Tengiliður ríkis er ætlað að koma upplýsingum til og frá viðeigandi ráðuneytum og stofnunum þeirra, þ.m.t. stofnunum sem sjá um vöktun og tilkynningar, landamæravörslu og heilbrigðisþjónustu. Tryggja þarf samskipti við þessa aðila.

Á næstu mánuðum verður unnið að því að útfæra sóttvarnalögin nánar og reglugerð sem þeim tengist með hliðsjón af alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni.

Næstu skref við innleiðingu ákvæða reglugerðarinnar:

- Skipan í sérstaka samstarfsnefnd um sóttvarnir.
- Skilgreining á innlendum tengiliðum við sóttvarnalækni.
- Samstarf við Landspítala - háskólasjúkrahús um viðbrögð við heilsufarslegum afleiðingum sýkla, eiturefna og geislavirkra efna.



Alþjóðaheilbrigðisreglugerðin tekur m.a. til loft- og sjóflutninga landa á milli.

SAMNINGAR UM KAUP Á BÓLUEFNI GEGN ÁRLEGRI INFLÚENSU

Þann 10. maí 2007 undirritaði sóttvarnalæknir, fyrir hönd hins opinbera, samninga við GlaxoSmithKline (GSK) og Icepharma (Sanofi Pasteur MSD) um kaup á bóluefni gegn árlegri inflúensu.

Samningarnir munu taka gildi frá og með hausti 2007 og gilda í 4 ár. Fyrstu tvö ár samningsins munu 30.000 skammtar verða keyptir árlega frá hvoru fyrirtæki en seinni tvö árin 60.000 skammtar frá GSK hvort ár.

Með þessu leitast heilbrigðisyfirvöld við að auka inflúensubólusetningar, einkum hjá áhættuhópum, en á undanförunum árum hafa um 50.000 – 55.000 skammtar af inflúensubóluefni verið seldir hér á landi árlega. Bóluefnið mun verða áhættuhópum að kostnaðarlausu en selt öðrum á kostnaðarverði.

Nánari leiðbeiningar um fyrirkomulag bólusetninganna verða birtar haustið 2007.